

Sveitarstjórnarfundur 26. maí 2026

Þriðjudaginn 26. maí 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 44. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 44. fundar:

1. Ársreikningur 2025 - Seinni umræða
2. Fundargerð 43. sveitarstjórnarfundar 15.05.2026
3. Fundargerðir nefnda
4. Aðrar fundargerðir
5. Ábyrgð vegna lántöku fyrir Sorpsamlag Strandasýslu ehf.
6. Beiðni Samgöngustof
7. Beiðni Kennarasambands Íslands
8. Erindi ÖBÍ réttindasamtökum
9. Styrktarbeiðni Hjartaheilla

Fundargerð:

1. Ársreikningur 2025 - Seinni umræða

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2025 er hér lagður fram til síðari umræðu með breytingum.

Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóður. Í B-hluta eru hafnarsjóður, vatnsveita og hitaveita.

Rekstrartekjur A- og B-hluta Kaldrananeshrepps námu á árinu 267 millj. kr., þar af voru rekstrartekjur A-hluta 238 millj. kr.

Rekstrargjöld A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði námu 223,6 millj. kr., þar af voru rekstrargjöld A-hluta 202,2 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2025 er jákvæð um 34 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 36 millj. kr.

Eignir A- og B-hluta Kaldrananeshrepps voru í árslok 2025 samtals 470,5 millj. kr. þar af voru eignir A-hluta 522,3 millj. kr.

Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta voru á sama tíma 57,5 millj. kr. og voru skuldir og skuldbindingar A-hluta 72,2 millj. kr.

Eigið fé A- og B-hluta nam 413 millj. kr. í árslok og var eigið fé A-hluta 450 millj. kr. Eiginfjárhlutfall A- og B hluta nam 87,8%, og eiginfjárhlutfall A-hluta nam 86,2%.

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2025 borinn upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktur með fimm atkvæðum, enginn á móti. Borið upp og samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 43. sveitarstjórnarfundar 15.05.2026.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð kjörstjórnar, 16.05.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Aðrar fundargerðir

- a. 998. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, 08.05.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

5. Ábyrgð vegna lántöku fyrir Sorpsamlag Strandasýslu ehf.

Ákvörðun um veitingu einfaldrar ábyrgðar, veðsetningu tekna til tryggingar ábyrgðinni og umboð til undirritunar lánasamnings vegna láns Sorpsamlags Strandasýslu í eigu sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð á láni Sorpsamlags Strandasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja tekjur sveitarfélagsins til tryggingar ábyrgðinni í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Ábyrgðin nær til láns að höfuðstól allt að kr. 21.000.000,- með lokagjalddaga þann 4. desember 2033, ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til að fjármagna kaup á sorpbíl. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórnin skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæðum samþykktá félagsins sem kveða á um að félagið megi ekki, að neinu leyti, fara í eigu einkaaðila.

Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Finn Ólafssyni, oddvita, kt. 301284-2179, veitt fullt og ótakmarkað umboð að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Kaldrananeshrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Beiðni Samgöngustofu

Beiðni barst frá Samgöngustofu þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um geymslustað ökutækja vegna umsóknar um starfsleyfi.

Beiðni lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn en vill þó minna á að fara skuli eftir lögum er varðar utanvegaakstur og taka tillit til hávaðamyndunar í ljósi nálægðar við íbúabyggð.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Beiðni Kennarasambands Vestfjarða

Styrktarbeiðni barst frá Kennarasambandi Vestfjarða en þann 18. september nk. mun sambandið halda sitt reglulega haustþing. Óskar því Kennarasamband Vestfjarða eftir fjárhagsstuðning sem notaður yrði til greiðslu ferðakostnaðar félagsmanna innan sveitarfélagsins.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að afla upplýsinga hjá skólastjóra um þátttöku kennara og vera í sambandi við Kennarasamband Vestfjarða í framhaldinu.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Erindi ÖBÍ réttindasamtökum

Erindi barst frá ÖBÍ réttindasamtökum þar sem sveitarfélög eru hvött til þess að setja á laggirnar notendaráð í málefnum fatlaðs fólks en fordæmi eru að eitt notendaráð sé fyrir stærri svæði.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps felur skrifstofustjóra að hafa samband við félagsmálastjóra Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps til þess að kanna áhuga aðildarsveitarfélaga á sameiginlegu notendaráði.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Styrktarbeiðni Hjartaheilla

Styrktarbeiðni barst frá Hjartaheillum, samtökum hjartasjúklinga með stuðningskveðju.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið klukkan 20:40.